

17. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi (Teams) 12. maí 2025 kl 13.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Finnur Ólafsson, Hulda Birna Albertsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Matthías Lýðsson og Páll Vilhjálmsson.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur og Hlynur Torfi Torfason skipulagssérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

Dagskrá

1. Umfjöllun um efniskafla
 - a. 4. umfjöllunarefni Atvinna og nýsköpun eða 6. kafli greinargerðar
 - b. 5. umfjöllunarefni Menningarauður eða 7. kafli greinargerðar
 - c. Umfjöllun 8. kafla um Framfylgd.
2. Umræða varðandi áherslur við uppfærslu á framsetningu efnis í heild
3. Undirbúningur 18. fundar 26. maí n.k. (afgreiðsla vinnslutillögu)

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár

1. Umfjöllun um efniskafla
 - a. 4. umfjöllunarefni Atvinna og nýsköpun eða 6. kafli greinargerðar

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísi orðið til að fara yfir efni kaflans.

Til máls tóku auk formanns þau Þorgeir, Arnlín og Jóhanna.

Herdís og Hrafnkell þökkðu fyrir ábendingar og skýrðu hvernig staðið verður að framsetningu þeirra í vinnslu greinargerðarinnar.

- b. 5. umfjöllunarefni Menningarauður eða 7. kafli greinargerðar

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísi orðið til að fara yfir efni kaflans.

Til máls tóku auk formanns þau Þorgeir, Ástrós, Arnlín og Jóhanna.

Herdís og Hrafnkell þökkðu fyrir ábendingar og skýrðu hvernig staðið verður að framsetningu þeirra í vinnslu greinargerðarinnar

c. Umfjöllun 8. kafla um Framfylgd

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hrafnkell vísaði til efnis 8. kafla greingargerðar um framfylgd svæðisskipulagsins. Vakti hann að lokum á athygli á efni tillögu í greinargerðinni svo hljóðandi.

Til skoðunar kemur að styrkja innleiðingu og getu sveitarfélaganna í skipulagsmálum með stofnun sameiginlegrar skipulagsstofu sveitarfélaganna á Vestfjörðum, undir hatti Vestfjarðastofu. Slík skipulagsstofa myndi þjóna öllum sveitarfélögum og taka við verkefnum sem nú heyra undir skipulagsfulltrúa einstakra sveitarfélaga. Hlutverk svæðisskipulagsnefndar yrði þá útvíkkað og hún starfað sem skipulagsnefnd Vestfjarða.

Arinbjörn, Jóhanna og Margrét véku af fundi undir kynningu Hrafnkels um kl 14.00

Til máls tóku auk formanns, Hulda Birna, Þorgeir, Finnur og Sigríður Júlía.

Í ljósi umræðu lagði formaður til; *að efni að tillögunnar komi ekki fram í greinargerð svæðisskipulagsins. Hinsvegar beri að vísa umræðu um tillöguna til umræðu á n.k. Fjórðungshringi, en þó verði áfram leitað til Vestfjarðastofu með það hlutverk að vinna með svæðisskipulagsnefnd hverju sinni.*

Tillaga formanns samþykkt samhljóða.

3. Umræða varðandi áherslur við uppfærslu á framsetningu efnis í heild

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hrafnkell fór yfir hvaða aðilar hafa sent inn ábendingar við greinargerð auk efnis sem komið hefur inn á Fjórðungshringi og inntak þeirra. Hann fór yfir áherslur við uppfærslu greinargerðar, s.s. hugtakanotkun. Hann ítrekaði síðan þá ósk að nefndarmenn og aðrir fulltrúar sveitarfélaganna sendi inn fleiri ábendingar þó ekki síðar en 23. maí n.k..

Til máls tóku auk formanns, Aðalsteinn, Þorgeir, Arnlín og Ástrós.

4. Undirbúningur 18. fundar 26. maí n.k. (afgreiðsla vinnslutillögu)

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hrafnkel kynnti að miðað við upphaflega verkáætlun þá væri verkefnið á áætlun. Hann kynnti síðan skipulag 18. fundar þann 26. maí n.k. í Sauðfjársetrinu á Ströndum, en efni fundarins væri afgangsla vinnslutillögu. Hann kynnti hvernig staðið yrði á kynningu vinnslutillögu með opnu húsi á þrem stöðum á Vestfjörðum auk þess verði boðið upp á kynningu fyrir einstaka sveitarfélögum og skilgreindum hagaðilum sem þess óska.

Rætt um staðsetningu og dagsetningu opinna húsa og mikilvægi viðveru nefndarmanna á hverju svæði fyrir sig á þeim viðburðum.

Formaður þakkaði nefnarmönnum og starfsmönnum fyrir þátttöku í fundinum og sleit fundi kl 14.50.